

Iðnaðarráðuneyti
Svanfríður Jónasdóttir,
formaður verkefnisstjórnar
Lindargötu Arnarhvoli
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. maí 2010
Tilvísun: UST20100300079/þek

Umsögn um 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði – niðurstöður faghópa

Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er ætlað að meta og flokka helstu orkulindir landsins til raforkuframleiðslu, bæði vatnsorku og jarðvarma, þar sem vegin eru saman orkugeta og hagkvæmni, þjóðhagsleg áhrif og áhrif á náttúru, menningarverðmæti, útivist og hlunnindi. Með verkefnisstjórn áætlunarinnar störfuðu fjórir faghópar sem skipaðir voru sérfræðingum og átti hver hópur fyrir sig að meta og raða virkjunarkostum út frá áhrifum sem snerta þeirra svið.

Faghópur I.

Verkefni faghóps I var þrískipt:

- (1) að meta náttúru og menningarminjar á svæðum sem til greina koma vegna orkunýtingar og raða þeim eftir heildarverðmætum,
- (2) að meta áhrif orkunýtingar og
- (3) að raða virkjunarkostum frá lakasta til besta kosts út frá hagsmunum náttúru og menningarminja.

Umhverfisstofnun bendir á að vandasamt er að vera með menningarminjar og náttúru undir sama faghópi og þá sérstaklega þá hættu að ef engar menningarminjar séu til staðar, þ.e. svæðið er óraskað, þá séu þau svæði minna virði. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að í skilgreiningu um víðerni þá séu víðerni landsvæði þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa. Þarna gætir því ákveðins ósamræmis þar sem víðerni og mannvirki fara ekki saman.

Umhverfisstofnun vekur athygli á, eins og fram kemur skýrslunni, að í lokaniðurröðun tekur aðferðarfræðin í raun ekki tillit til þess að svæði geta haft eina einstaka sérstöðu og þannig skorað hátt í einkunnargjöf. Huga verði að hvort rétt væri að svæði sem skora hæst í sínum flokki fái hærri einkun þannig að sérstaða þeirra hækki svæðið við röðun. Eins og fram kemur hjá faghópi I er lokaniðurröðun vegið meðaltal einkunna. Þar af leiðandi skora svæði með eitt sérkenni tiltölulega lágt. Eins og framan greinir kunna svæði með mikla sérstöðu ekki vera

eins verðmæt og þau svæði sem hafa litla sérstöðu og mikla fjölbreytni.

Umhverfisstofnun bendir á að við mat á áhrifum orkunýtingar á svæðin eigi það sama við og það sem hér að framan segir. Stofnunin bendir á að svæði sem eru líffræðilega fjölbreytt og auðug þoli yfirleitt betur ágang en þau svæði sem eru einsleit og fátæk og að með þessari aðferðafræði komi ekki fram þau áhrif sem orkunýting hefur í för með sér á svæði sem skarta einu sérstöku náttúrufrábæri.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þau svæði sem skoðuð eru í rammaáætlun og þar sem framkvæmdir eru áætlaðar innan friðlýsts svæðis eigi ekki að fara í lokaröðun á vegum stjórnar rammaáætlunar, nema sérstaklega sé tiltekið í friðlýsingu að slíkar framkvæmdir séu leyfðar. Friðlýsing er eitt form landnotkunar og því ekki forsvaranlegt að skoða svæðin sem orkunýtingarkosti nema til samanburðar við önnur svæði.

Faghópur II

Faghópi II var ætlað að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á ferðaþjónustu, útivist, landbúnað og hlunnindi.

Það er mat Umhverfisstofnunar að æskilegt væri að fjalla um veiðihlunnindi og beitarhlunnindi sem hluta af mótvægisáðgerðum í kjölfar orkunýtingar, enda skarast þessir þættir að einhverju leyti við umfjöllun faghóps I um náttúru og menningarminjar. Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að meta gæði m.t.t. hvort unnt sé að rækta land til beitar í framtíðinni eða ekki. Slík nálgun kallar á samskonar mat um alla aðra þætti, t.d. þróun náttúru, möguleika til að finna merkileg náttúrufrábæri eða lífverur og möguleika til að nýta svæðið til annarra hluta en orkunýtingar og beitar. Stofnunin leggur til að unnið sé með ástand mála eins og þau eru í dag, nema þá að notuð séu sérstök líkön til stuðnings. Þeirri aðferðafræði er beitt gagnvart ferðaþjónustu þ.e. skoðað er hvaða hópur ferðamanna nýtir svæði í dag en ekki hvort nýta megi svæði fyrir aðra hópa ferðamanna.

Í umfjöllun í skýrslunni um áhrif virkjana á ferðaþjónustu vill Umhverfisstofnun benda á að meta eigi gildi svæðisins og hvaða áhrif virkjun hefur á upplifun, óháð því hvaða leið ferðamaður ferðast inn á viðkomandi virkjunarsvæði. Umhverfisstofnun telur misræmis gæta í umfjöllun um verðmæti svæða fyrir ferðamennsku, að innviðir svæða eru metnir sérstaklega í ljósi þess að ósnortin náttúra sé helsta aðráttaraflíð.

Faghópur III

Verkefni faghóps III var að meta áhrif á þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðapróun.

Umhverfisstofnun telur að til framtíðar verði að þróa betri aðferðafræði við að meta áhrif virkjana á þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðapróun. Mikið hefur áunnist frá niðurstöðu fyrri faghóps um þessi málefni en ljóst að þörf er á frekari útfærslu á aðferðafræðinni, þ.e. hvernig best er að meta áhrif virkjana á þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðapróun.

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að draga lærdóm af þeim framkvæmdum sem búið er að ráðast í nú þegar og hvaða samfélagslegu áhrifum þær virkjanir hafi skilað þjóðarþínu.



Faghópur IV

Faghópi IV var falið að skilgreina þá kosti sem fyrir hendi kunna að vera til að nýta vatnsorku og jarðhita til raforkuvinnslu, meta afl, orkugetu og líklegan orkukostnað hvers þeirra og forgangsraða eftir arðsemi. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við aðferðarfræði faghópsins.

Almenn niðurstaða

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ávallt sé haft í huga að rammaáætlun skírskotar bæði til verndunar og nýtingar. Því sé mikilvægt að það liggi fyrir áður en stjórn rammaáætlunar skilar niðurstöðum að svæði sem eru friðlýst og þar sem framkvæmdir eru áætlaðar innan friðlýsts svæðis séu ekki tiltekin í upptalningu um virkjunarkosti nema slíkt sé tiltekið í friðlýsingu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að rammaáætlun verði sá sáttargrundvöllur sem að var stefnt. Til þess að það markmið náist er að mati stofnunarinnar nauðsynlegt að ákveða hvernig eigi að fara með hugmyndir um virkjunarkosti á friðlýstum svæðum. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við að þessi svæði séu með í matinu til þess að betur sé hægt að meta verndargildi svæða, en á sama hátt og þau svæði sem þegar hafa verið virkjuð eru ekki með í samanburðinum, þá eigi friðlýst svæði ekki að vera sem raunverulegur virkjunarkostur enda landnotkun verið ákveðin á þessum svæðum.

Umhverfisstofnun telur að betra hefði verið ef áhrifasvæði virkjana væru skilgreind fyrirfram þ.e. framkvæmdasvæði og áhrifasvæði framkvæmda en nokkur skörun er á því milli faghópa.

Umhverfisstofnun á fulltrúa í stjórn rammaáætlunar og hefur því komið að stjórn þessa verkefnis sem hefur verið viðamikil. Mikill fjöldi vísindamanna og annarra sérfræðinga hefur komið að þessari vinnu og er að mati Umhverfisstofnunar mikilvægt að hún sé nýtt sem grunnur að sátt til framtíðar. Jafnframt vill Umhverfisstofnun minna á að þær tillögur um virkjunarkosti sem verið er að skoða þurfa jafnframt að fara í lögformleg ferli skv. öðrum lögum sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög.

Virðingarfyllst

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri